

## REGLUR

### um sundurliðun á verði lyfja sem seld eru gegn lyfseðli.

#### 1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja lyf til neytenda og kveða á um skyldu til að sundurliða verð lyfja sem seld eru gegn lyfseðli. Markmið reglnanna er að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

#### 2. gr.

Við afgreiðslu á lyfjum gegn lyfseðli er skylt að sundurliða hlut neytenda í verði allra lyfja. Þannig skal koma fram á kvittun úr afgreiðslukassa, á sölunótu eða með öðrum hætti, sundurliðað verð á hverju lyfi. Ávallt skal tryggt að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á verði hvers lyfs fyrir sig.

#### 3. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

#### 4. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi þann 1. mars 2004.

*Samkeppnisstofnun, 13. nóvember 2003.*

**Georg Ólafsson.**

*Kristín Færseth.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íbúðarbyggðar suðaustan Skógarhlíðar, við Lónsá í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag íbúðarbyggðar við Skógarhlíð við Lónsá.

Deiliskipulagið nær til átta íbúðahúsalóða suðaustan Skógarhlíðar við Lónsá, þar sem gert er ráð fyrir sjö einbýlishúsum á einni hæð og einu á 1 og 1/2 hæð. Nýtingarhlutfall lóða er 0,35.

Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu svæðisskipulags Eyjafjarðar 1998–2018 um þéttbýli.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagsstofnun hefur farið yfir málgögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagið tekur þegar gildi

*Hörgárbyggð, 3. nóvember 2003.*

**Helga A. Erlingsdóttir**, sveitarstjóri Hörgárbyggðar.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Hringbraut, að Þorfinnsgötu.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. október 2003, deiliskipulag fyrir Hringbraut, að Þorfinnsgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skógarhlíð 14.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. ágúst 2003 og skipulagsfulltrúi, með vísan til viðauka 2.3 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 628/2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skógarhlíð 14.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 18. nóvember 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**